

Ár 2017, föstudaginn 1. september 2017, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Presti Ríkharðssyni, Gunnari Guðmundssyni og Sigurði I. Halldórssyni.

**Fyrir er tekið málið nr. 6/2017:**

Knattspyrnufélagið Valur  
gegn  
Fjölni

Gögn málsins merkt nr. 1-2 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

**ÚRSKURÐUR:**

I.

**Kærandi:**

Knattspyrnufélagið Valur, kt. 670269-2569  
Hlíðarenda  
101 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Andri Fannar Stefánsson

**Kærði:**

Fjölnir kt. 631288-7589  
Fossaleyni 1  
112 Reykjavík  
Fyrirsvarsmaður: Árni Hermannsson

Mál þetta er mótttekið af skrifstofu KSÍ 29. ágúst sl. Ákveðið var að gefa kærða frest til að skila greinargerð til 31. ágúst. Engin svör bárust af hálfu kærða.

II.

**Kröfur:**

Kærandi krefst þess að úrslitum í leik Vals gegn Fjölni2 í Íslandsmóti b-liða í 5. flokki karla sem fram fór laugardaginn 26. ágúst verði breytt og leikurinn dæmdur 0-3 fyrir Val.

### III.

#### **Málsatvik og ágreiningsefni:**

Kærandi lýsir málavöxtum svo að í leik Vals gegn Fjölni þann 26. ágúst 2017 hafi lið Fjölni verið skipað ólöglegum leikmönnum. Vísar kærandi m.a. til greina 28.1.12 og 40 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Í málinu liggur fyrir tölvupóstur frá fyrirvarsmanni kæranda sem beint er til starfsmanns Knattspyrnusambands Íslands þar sem fallist er á að lið Fjölnis hafi verið skipað ólöglegum leikmönnum í umræddum leik og er vísað til þess að leikurinn hafi verið settur á með svo skömmum fyrirvara að ekki hafi tekist að boða „rétt lið“ til leiks.

### IV.

#### **Niðurstaða:**

Í máli þessu er kært vegna leiks þar sem því er haldið fram að hið kærða félag Fjölnir hafi verið ólöglega skipað í leik liðsins gegn Val þann 26. ágúst 2017.

Eins og fram kemur í tölvupósti frá fyrirvarsmanni hins kærða félags er fallist á það að leikmenn Fjölnis í umræddum leik, sem komu úr a-liði og öðru b-lið þess, hafi ekki mátt taka þátt í leiknum.

Með vísan til ofanritaðs telst ljóst að lið Fjölnis hafi verið ólöglega skipað í umræddum leik með vísan til greinar 28.1.12 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Er því fallist á dómkröfur kæranda, Vals, í máli þessu og í samræmi við ákvæði í grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er leikur Vals og Fjölnis sem fram fór á Íslandsmóti 5. flokks karla, b-liða, dæmdur tapaður Fjölni með markatölunni 3-0.

Skylt er samkvæmt grein 40.1 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að dæma kærða til greiðslu sektar samhliða viðurlögum við þessu broti og skal kærði greiða kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

### V.

#### **Úrskurðarorð:**

Úrslitum í leik Vals gegn Fjölni í leik liðanna sem fram fór á Valsvelli þann 26. ágúst 2017 í Íslandsmóti 5. flokks karla, b-liða, er breytt og Val dæmdur 3-0 sigur í leiknum.

Kærði, Fjölnir, greiði kr. 5.000,- í sekt til KSÍ.

VI.  
**Um Áfrýjun:**

Samkvæmt grein 17.3. í reglugerð KSÍ um aga-og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.

Þróstur Ríkharðsson [sign]

Gunnar Guðmundsson [sign]

Sigurður I. Halldórsson [sign]